# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð 415/2014 (CLP), reglug. 888/2015 (REACH).

## 1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

### *1.1. Auðkenni vöru*

*Söluheiti vöru:* **SHELL RYÐHREINSIR**
**SHELL RUST REMOVER**

*Tilvísunarnúmer:* CRX730, AT650I

*Gerð vöru:* Blanda, vökvi í þrýstihylki

*Reach skráningarnr:* Á ekki við.

### *1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá*

*Notkun vöru:* Viðhald bifreiða.
*Fráráðin notkun:* -

### *1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið*

*Fyrirtæki:* SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

*Tengiliður fyrirtækis:* msds@skeljungur.is

*Útgáfudagsetning:* 16.01.2019
*Útgáfa:* 1,0
*Gerð öryggisblaðs:* EFNAVERND ehf. Reykjavík http://efnavernd.is

### *1.4. Neyðarsímanúmer:*

*Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla:* sími 112
*Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík:* sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

### *2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar*

***Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)***

Eldfim úðaefni, fl. 1. Húðerting, fl. 2. Eiturhrif við ásvelgingu, fl. 1. Sértæk eiturhrif á marklíffæri - váhrif í eitt skipti, fl. 3. Hættulegt fyrir vatnsumhverfi, langvinn áhrif, fl. 3.

***Helstu hættur***

*Eðlisræn hætta:* Afar eldfimt. Þrýstihylki geta sprungið við upphitun.

*Heilsufarshætta:* Ertir húð. Getur valdið sljóleika eða svima.

*Umhverfishætta:* Skaðlegt vatnalífverum, hefur langvinn áhrif.

### *2.2. Umbúðamerkingar*

***Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)***



*Hættumerki:*

| | | |
|---|---|---|
| *Viðvörunarorð:* | Hætta | |
| *Innihaldsefni:* | Steinolía (úr jarðolíu)<br>Kolvetni, C10-13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar | |
| *Hættusetningar (H):* | H222 | Úðabrúsi með afar eldfimum efnum. |
| | H229 | Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun. |
| | H315 | Veldur húðertingu. |
| | H336 | Getur valdið sljóleika eða svima. |
| | H412 | Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. |
| *Varnaðarsetningar (P)* | | |
| *Almennar:* | P101 | Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða umbúðamerkingar tiltækar. |
| | P102 | Geymist þar sem börn ná ekki til. |
| *Forvarnir:* | P210 | Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar. |
| | P211 | Má ekki úða á opinn eld eða aðra íkveikjuvalda. |
| | P251 | Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir. |
| | P261 | Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi. |
| | P271 | Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými. |
| *Viðbrögð:* | P302 + P352 | BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu. |
| *Geymsla:* | P403 | Geymist á vel loftræstum stað. |
| | P410 + P412 | Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. |
| *Förgun:* | P501 | Fargið innihaldi/íláti hjá spilliefnamóttöku eða viðurkenndum förgunaraðila. |
| *Viðbótarupplýsingar:* | - | |

### *2.3. Aðrar hættur*

*Aðrar hættur:* Innöndun sterkrar gufu getur haft skaðleg áhrif á miðtaugakerfi. Vísvitandi misnotkun með innöndun getur valdið varanlegum skaða eða dauða.

*Takmarkanir á notkun:* -

*Annað:* Notið aðeins skv. leiðbeiningum.

***Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.***

## 3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

| *CAS-nr.* | *EB-nr.* | *Efnaheiti* | *Magn, %* | *Flokkun* | |
|---|---|---|---|---|---|
| 106-97-8 | 203-448-7 | bútan | 10 - 25 | Eldf. loftt. 1<br>Loftt. u. þrýst. | H220<br>H280 |
| - | 918-481-9 | kolvetni, C10-13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar | 10 - 25 | Bráð eit. 1<br>- | H304<br>EUH066 |
| 8008-20-6 | 232-366-4 | Steinolía (úr jarðolíu) | 15 - 25 | Eldf. vökvi 3<br>Eit. v. ásvelg. 1<br>Húðert. 2<br>SEM-VES 3<br>Langv. eit. á vatn 2 | H226<br>H304<br>H315<br>H336<br>H411 |
| 74-98-6 | 200-827-9 | própan | 10 - < 25 | Eldf. loftt. 1<br>Loftt. u. þrýst. | H220<br>H280 |

***Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.*** ***Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.***

## 4. Skyndihjálp.

### *4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum*

| | |
|---|---|
| *Almennt:* | Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu. |
| *Við innöndun:* | Flytjið slasaða í ferskt loft. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi. |
| *Snerting við húð:* | Fjarlægið föt sem hafa mengast af efninu og þvoið húðina vel með nægu vatni og sápu áður en efnið þornar á. Leitið læknis ef erting er viðvarandi. |
| *Snerting við augu:* | Skolið strax vel með nægu volgu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægið snertilinsur ef við á. Leitið læknis ef erting er viðvarandi. |
| *Inntaka:* | Leitið umsvifalaust læknis. Lokað úðahylki, inntaka er ólíkleg. |

### *4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin*

| | |
|---|---|
| *Áhrif, einkenni:* | Sjá kafla 11. |

### *4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á*

*Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:*

-

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

### *5.1. Slökkviefni/búnaður*

| | |
|---|---|
| *Heppileg slökkviefni:* | Koldíoxíð, froða, duft, vatnsúði. |
| *Óæskilegur búnaður:* | Notið ekki háþrýsta vatnssprautu. |

### *5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar*

| | |
|---|---|
| *Sérstakar hættur:* | Við hita yfir 50˚C hækkar þrýstingur í brúsanum og hann getur rofnað eða sprungið. Látið slökkvilið vita af þrýstihylkjum á svæðinu. Kolmónoxíð getur myndast við ófullkominn bruna. |

### *5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn*

| | |
|---|---|
| *Hlífðarbúnaður:* | Notið viðeigandi hlífðarbúnað og öndunartæki við slökkvistörf. Gæta þarf öryggis vegna þrýstihylkja á hættusvæðinu. |
| *Sérstakar aðferðir:* | Haldið heilum þrýstihylkjum á hættusvæðinu köldum með vatnsúða eða vatni. |

## 6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

### *6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir*

| | |
|---|---|
| *Öryggisráðstafanir:* | Fjarlægið allt sem getur valdið íkveikju og reykið ekki. Sprengihætta fylgir uppsöfnun á eldfimu drifgasi. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur safnast fyrir í kjöllurum og öðrum lágt liggjandi rýmum og valdið köfnunar- og eldhættu.<br>Varist hálku þar sem efnið hefur farið niður. Hreinsið efnið upp strax. Notið skó með hálkuvörn. Forðist snertingu við efnið. |
| *Hlífðarbúnaður:* | Viðeigandi hlífðarfatnaður og persónuhlífar við hreinsunarstörf. |

### *6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins*

| | |
|---|---|
| *Varúðarráðstafanir:* | Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðveg. Hindrið dreifingu efnisins með hindrunum, t.d. skurðum, sandi eða jarðvegi. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita. |

### *6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar*

*Aðferðir og efni:* Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Safnið brúsum saman og látið í viðurkennd geymsluílát. Skolið mengað svæði vel með vatni og sápu.

### *6.4. Tilvísanir í aðra kafla*

*Tilvísanir:* Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla.

### *7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun*

*Meðhöndlun:* Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Notið efnið aðeins á vel loftræstum stað. Loftræstið eftir notkun. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við húð og augu.
Forðist opinn eld, hita, neistagjafa og annað sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Jarðtengið öll áhöld, tæki og búnað sem efnið kemst í snertingu við. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.

### *7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika*

*Geymsla:* Geymist í upprunalegum umbúðum á köldum (< 35°C), þurrum og vel loftræstum stað þar sem ekki frýs. Verjið gegn beinu sólarljósi og hita.

*Ósamrýmanleiki:* -

### *7.3. Sértæk endanleg notkun*

*Sértæk notkun:* Notið aðeins skv. leiðbeiningum.

## 8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.

### *8.1. Mengunarmörk*

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (ÞG) = þakgildi):*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bútan: | (MG) | 500 ppm | 1200 mg/m$^3$ |
| Própan: | (MG) | 1000 ppm | 1800 mg/m$^3$ |

### *8.2. Váhrifavarnir*

*Tæknilegar aðgerðir:* Vinnið í samræmi við góðar venjur, öryggisreglur og hreinlæti við meðferð efna. Notið efnið aðeins á vel loftræstum stað.

*Persónuhlífar;*

*Öndunartæki:* Notið öndunargrímu með gassíu af gerð A (brún), flokki 1 eða hærra (staðall EN 140 ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hætta er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

*Fyrir augu:* Viðeigandi hlífðargleraugu ef hætta er á að efnið berist í augu.

*Fyrir hendur:* Viðeigandi hlífðarhanskar við langvarandi eða endurtekna notkun. Staðall EN 374, nítrílgúmmí, gegndræpitími a.m.k. 4 klst.

*Fyrir húð:* Viðeigandi hlífðarfatnaður, t.d. galli og stígvél skv. staðli EN 365/367 eða 345. Viðeigandi efni er nítrílgúmmí með gegndræpitíma a.m.k. 1 klst.

*Hreinlæti við vinnu:* Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur.

*Umhverfið:* Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

### *9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika*

| | |
|---|---|
| *Ástand:* | Vökvi í þrýstihylki |
| *Útlit:* | Litlaus |
| *Lykt:* | Einkennandi |
| *Sýrustig (pH):* | - |
| *Suðumark:* | –44°C |
| *Bræðslumark:* | < –20°C |
| *Blossamark:* | –97°C |
| *Sprengimörk:* | 0,6-10,9 pct (Þrýstihylki geta sprungið ef þau hitna ) |
| *Eldnærandi:* | Inniheldur ekki oxandi efni |
| *Sjálfíkveikja:* | - |
| *Íkveikimörk:* | - |
| *Gufuþrýstingur:* | 830000 Pa við 20°C |
| *Gufuþéttni:* | > 1 (loft = 1) |
| *Uppgufunarhraði:* | - |
| *Rokgjörn lífræn efni:* | - |
| *Eðlisþyngd:* | 0,7 g/ml við 20°C |
| *Seigja:* | - |
| *Leysni:* | - |
| *Deilistuðull:* | - |

### 9.2. Aðrar upplýsingar

*Annað:* -

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

### *10.1. Hvarfgirni*

*Hvarfgirni:* -

### *10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki*

*Stöðugleiki:* Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður.

### *10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf*

*Hættuleg efnahvörf:* Engin þekkt.

### *10.4. Skilyrði sem þarf að varast*

*Skilyrði:* Hiti, opinn eldur og annað sem getur valdið íkveikju.

### *10.5. Ósamrýmanleg efni*

*Efni sem skal varast:* -

### *10.6. Hættuleg niðurbrotsefni*

*Hættuleg myndefni:* -

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

### *11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif*

*Almennt:* Skaðlegt gælu- og húsdýrum.

*Helstu áhrifaleiðir:* Innöndun, húð.

*Áhrif við innöndun:* Getur valdið ertingu og hósta. Getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi. Innöndun lofts með mikla þéttni getur valdið miðtaugakerfisbælingu með höfuðverk, svima, sljóleika, ógleði og ósamhæfðum hreyfingum. Áframhaldandi innöndun getur leitt til meðvitundarleysis og að lokum dauða.
*Áhrif á augu:* Getur valdið minniháttar ertingu.
*Áhrif á húð:* Ertandi, getur valdið roða. Endurtekin eða viðvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
*Áhrif við inntöku:* Hættulegt, getur valdið lungnaskaða. Lokað úðahylki, inntaka er ólíkleg.

*Bráð eiturhrif:*

| | | |
|---|---|---|
| LD50 (innöndun): | > 9,582 mg/l | (reiknað gildi) |
| ATE (húð): | > 5000 mg/kg | (reiknað gildi) |
| LD50 (inntaka): | > 2185 mg/kg | (reiknað gildi). |

*Langvinn áhrif:* Getur skaðað líffæri (miðtaugakerfi) við langvinn eða endurtekin váhrif.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

### *12.1. Eiturhrif*

*Eiturhrif:* Skaðlegt vatnalífverum, hefur langvinn áhrif.

| | | |
|---|---|---|
| LC50 (fiskur): | 5 mg/l | (reiknað gildi) |
| EC50 (vatnafló): | 5714 mg/l | (reiknað gildi). |

### *12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki*

*Þrávirkni/niðurbrot:* Getur haft langvinn áhrif.

### *12.3. Uppsöfnun í lífverum*

*Uppsöfnun í lífverum:* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

### *12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni*

*Hreifanleiki:* Á ekki við.

### *12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum*

*PBT/vPvB efni:* Varan inniheldur ekki PBT/vPvB efni.

### *12.6. Önnur skaðleg áhrif*

*Aðrar upplýsingar:* Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um eiturhrif einstakra innihaldsefna.

** PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð*
*vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.*

## 13. Förgun.

### 13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

*Meðhöndlun úrgangs:* Endurvinnið ef hægt er. Fargið innihaldi/íláti hjá spilliefnamóttöku eða viðurkenndum förgunaraðila. Má ekki farga með heimilissorpi.

*Úrgangsflokkun:* -

*Förgun umbúða:* Málmumbúðir sem hægt er að endurvinna. Fargið annars á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

Tómar umbúðir geta innihaldið hættuleg eða eldfim efni. Skerið ekki, borið eða gatið og sjóðið ekki í eða á tómum umbúðum. Hreinar umbúðir má endurvinna.

*Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.*

## 14. Upplýsingar um flutninga.

### 14.1. UN númer

*UN númer:* 1950

### 14.2. Rétt UN sendingarheiti

*Sendingarheiti:* AEROSOLS

### 14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga

*Hættuflokkur/flokkar:* 2
*Varúðarmerki:* 2.1
*Hættunúmer:* -
*Gangakóði:* -
*EmS:* F-D, S-U

### 14.4. Pökkunarflokkur

*Pökkunarflokkur:* -

### 14.5. Umhverfishættur

*Skaðlegt umhverfinu:* -
*Sjávarmengandi:* Nei
*Annað:* -

### 14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

*Varúðarráðstafanir:* -

### 14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:

*Magnflutningar:* Á ekki við.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk.

### *15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis*

*Reglugerðir:* Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

*Takmarkanir á notkun:* -

### *15.2. Efnaöryggismat*

*Efnaöryggisskýrsla:* Á ekki við.

## 16. Aðrar upplýsingar.

*Dagsetning útgáfu:* 16.01.2019

*Útgáfa númer:* 1,0

*Breyttir liðir:* -

*Öryggisblað gert fyrir:* SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

*Gerð öryggisblaðs:* EFNAVERND ehf. Reykjavík http://efnavernd.is

*Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:*

H220 Afar eldfim lofttegund.
H226 Eldfimur vökvi og gufa.
H280 Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun.
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H315 Veldur húðertingu.
H336 Getur valdið sljóleika eða svima.
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
EUH 066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

*Aðrar upplýsingar:* -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá Kemetyl Polska Sp. z.o.o., 02-305 Warzawa, Poland, dags. 28.03.2017.